

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2004

frá 6. febrúar 2004

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB frá 26. júlí 2002 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Til þess að framkvæmd samningsins gangi snurðulaust ber að auka við bókun 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar sem var komið á fót með ákvörðun 2002/622/EB og jafnframt ber að breyta XI. viðauka í því skyni að gera grein fyrir tilhögun þátttöku í starfi hópsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cg (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ch. **32002 D 0622:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB frá 26. júlí 2002 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (Stjtið. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49).

Tilhögun þátttöku Liechtensteins, Íslands og Noregs í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna í samræmi við 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB áheyrnarfulltrúa til setu á

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49.

fundum hóps til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal tilkynna fulltrúunum fundartíma hópsins tímanlega og senda þeim viðeigandi fundargögn.“

2. Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

„16. Hópur til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2002/622/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.